ÖLDUSELSSKÓLI

Námsáætlun / bekkjarnámskrá 2026 – 2027

Náttúrufræði, 4. bekkur

Kennari/ar

Kristín Steinunn Birgisdóttir, kristin.steinunn.birgisdottir@reykjavik.is

María Thorlacius, maria.thorlacius.yngvinsdottir@reykjavik.is

Sigríður Hrönn Þórarinsdóttir, sigridur.hronn.thorarinsdottir@reykjavik.is

Elma Finnlaug Þorsteinsdóttir, Elma.Finnlaug.Thorsteinsdottir@reykjavik.is

Lýsing

Kennslutími: 70 mínútur á viku samkvæmt stundatöflu. Námið tengist náttúru og nærumhverfi og er að hluta samþætt samfélagsfræði. Áætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Markmið / inntak

Nemendur efla forvitni og vísindaleg vinnubrögð. Þeir kynnast lífverum, vistkerfum, umhverfi, efnum, orku og alheiminum. Lögð er áhersla á náttúruvernd, athuganir og að útskýra niðurstöður.

Námsefni

Unnið er með:

- Halló heim og Könnum heiminn, í samþættingu við samfélagsfræði
- Gögn fyrir athuganir og einfaldar tilraunir
- Myndefni og verkefni kennara

Kennsluaðferðir

Kennslan byggist á umræðum, hugtakavinnu, athugunum og einföldum tilraunum. Nemendur spyrja spurninga, fylgja leiðbeiningum, skrá og kynna niðurstöður. Viðfangsefni eru tengd nærumhverfi.

Námsmat

Námsmat byggist á verkefnum, skráningum, samtölum og kynningum. Fylgst er með skilningi, notkun hugtaka og hæfni til að framkvæma athuganir og útskýra niðurstöður. Endurgjöf birtist í Mentor.

Námslotur

Námið er samþætt en megináherslur eru:

Umhverfið og lífið: vistkerfi, lífverur, náttúruvernd og heilsa.

Jörðin og alheimurinn: landmótun, dægraskipti og sólkerfið.

Efni og orka: eiginleikar efna, hamskipti, kraftar, ljós og hljóð.

Vísindaleg vinnubrögð: athuganir, skráning og miðlun.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá **(listuð upp eins og þau eru í aðalnámskrá)**

Valin hæfniviðmið við lok 4. bekkjar. Nemandi getur:

- notað einföld hugtök í náttúruvísindum við athuganir og í umræðu,
- lesið einfaldan náttúruvísindatexta og endursagt helstu atriði með eigin orðum, skoðað einfaldar myndir og sagt frá efninu,
- framkvæmt einfaldar athuganir og skráð mælingar á hversdagslegum hlutum samkvæmt leiðbeiningum,
- kynnt niðurstöður einfaldra athugana og tekið þátt í umræðu um efnið,
- sett fram spurningar, leitað svara um náttúruleg fyrirbæri og útskýrt valið viðfangsefni,
- skoðað og kannað helstu vistkerfi í nærumhverfi sínu,
- sagt frá og áttað sig á náttúruvernd í nærumhverfi sínu,
- gengið vel um umhverfið og átti sig á mikilvægi þess,
- rætt um helstu einkenni lífvera og lífsskilyrði þeirra,
- rætt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu, hvíldar og svefns.
- gert grein fyrir ástæðum dægraskipta,
- fjallað um helstu hnetti í sólkerfinu,

Heimild: Aðalnámskrá grunnskóla, 22. kafli, adalnamskra.is.